



Borgarráð

Efni: Vaxtagreiðslur Reykjavíkurborgar

Vísað er til fyrirspurnar, dagsett 24. febrúar sl., frá áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um vaxtagreiðslur Reykjavíkurborgar.

Fyrirspurnin er eftirfarandi:

1. Hvað hefur Reykjavíkurborg/borgarsjóður greitt í vexti af skuldum og skuldbindingum sínum á árunum 2013, 2014, 2015, 2016, 2017, 2018, 2019, 2020 og 2021 tæmandi talið?
2. Hverjar eru áætlaðar vaxtagreiðslur á árunum 2022, 2023, 2024, 2025 og 2026 standist lántökuáætlun upp á 92 milljarða?
3. Hvað hefur samstæða Reykjavíkurborgar greitt í vexti af skuldum og skuldbindingum sínum á árunum 2013, 2014, 2015, 2016, 2017, 2018, 2019, 2020 og 2021 tæmandi talið?

Í uppgjörum A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar eru eftirfarandi upphæðir bókaðar sem gjaldfærðir vextir og verðbætur af skuldum og skuldbindingum borgarsjóðs og B-hluta fyrirtækja. Rétt þykir að hafa verðbætur með í þessum tölum þar verðbætur eru hluti af fjármagnsliðnum.

Gjaldfærðir vextir og verðbætur af skuldum og skuldbindingum A-hluta

Rauntölur								
2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021_09*
3.231	1.981	2.804	2.656	3.122	3.722	3.677	4.218	4.193

* Rauntölur okt-des 21 hafa ekki verið birtar í kauphöll

Gjaldfærðir vextir og verðbætur af skuldum og skuldbindingum A&B-hluta

Rauntölur								
2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021_09*
9.720	6.746	7.719	7.989	8.800	11.774	12.215	13.735	12.552

* Rauntölur okt-des 21 hafa ekki verið birtar í kauphöll

Í fjárhagsáætlun A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar eru eftirfarandi upphæðir áætlaðar sem gjaldfærðir vextir og verðbætur af skuldum og skuldbindingum borgarsjóðs og B-hluta fyrirtækja. Í áætluðum fjármagnslið er gert ráð fyrir að áætluð lántaka verði nýtt að fullu.



Gjaldfærðir vextir og verðbætur af skuldum og skuldbindingum A-hluta

Útkomu- spá 2021	Áætlun				
	2022	2023	2024	2025	2026
5.345	5.463	5.474	5.730	5.809	5.798

Gjaldfærðir vextir og verðbætur af skuldum og skuldbindingum A&B-hluta

Útkomu- spá 2021	Áætlun				
	2022	2023	2024	2025	2026
16.185	14.264	14.363	15.228	15.641	15.654

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs